

Bæjarráð Kópavogs
Orri Vignir Hlöðversson, formaður
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogi 12. júlí 2023

Erindi: Ósk um samþykki Kópavogsbæjar á breytingum á samþykktum Markaðsstofu Kópavogs

Stjórn Markaðsstofu Kópavogs hefur samþykkt breytingar á samþykktum stofnunarinnar á tveimur stjórnarfundum. Markmið breytinga á samþykktum Markaðsstofu Kópavogs, kt. 560713-1180, miða að því að breyttar samþykktir nái yfir rekstur atvinnu- og nýsköpunarsetursins Skóp. Megin breyting felst í breyttum tilgangi með rekstri stofnunarinnar og breytingu á nafni, sem verður Skóp atvinnu- og nýsköpunarsetur ses. Einnig verður stjórnarmönnum fækkað úr sjö í fimm. Breytingar á samþykktum voru samþykktar á 106. og 109. stjórnarfundum Markaðsstofu Kópavogs, sjá fundargerðir 106 og 109.

Í 13. grein samþykktu Markaðsstofu Kópavogs segir:

*„Heimilt er að breyta samþykktum stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, **svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir.** Til að auka skuldbindingar stofnunarinnar þarf þó samþykki þeirra allra.“*

Óskað er eftir samþykki Kópavogsbæjar, sem stofnaðila stofnunarinnar, á breytingum á samþykktum Markaðsstofu Kópavogs ses., kt. 560713-1180.

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1 – Nýjar samþykktir fyrir Skóp atvinnu- og nýsköpunarsetur ses.

Fylgiskjal 2 – Samþykktir fyrir Markaðsstofu Kópavogs ses.

Virðingarfyllst,

f.h. Markaðsstofu Kópavogs

Björn Jónsson, framkvæmdastjóri